

Viðbrögð við jarðskjálftum

Þegar jarðskjálfti verður á meðan leikskólinn er opinn, er gott að vera búin(n) að huga að hvernig best sé að bregðast við. Eftirfarandi leiðbeiningar eru unnar eftir viðbrögðum Almannavarna við jarðskjálfta, sjá hér. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að halda ró sinni, krjúpa, skýla höfði og halda sér. Mörg slys í kjölfar jarðskjálfta verða þegar fólk hleypur um eða út úr byggingum. Ef hlaupið er um í óðagotí aukast líkurnar á því að verða fyrir hlutum sem falla úr hillum eða af veggjum og oft erfitt að halda jafnvægi. Glerbrot geta verið á gólfum ásamt ótal muna sem geta valdið slysi ef stigið er ógætilega á þá.

Ágæti þess að krjúpa, skýla og halda er að:

- *Verjast fallandi eða fljúgandi hlutum sem geta komið ofan frá*
- *Minnka líkur á að kastast til vegna jarðskjálftans*
- *Gefur starfsfólki tíma til að meta þá stöðu sem það er í*

Krjúpa, skýla og halda

Starfsfólk aðstoðar börn við að fara undir borð eða í dyrakarma á meðan jarðskjálftinn gengur yfir. Það að fara undir borð varnar því að fá í sig fljúgandi eða fallandi hluti sem geta valdið slysi. Þeir sem fara í dyrakarma burfa að gæta þess að hurðin skellist ekki á þá en dyragætt ver fyrir fallandi hlutum úr tveimur áttum og heldur flóttaleið opinni ef hurðgat skekkist (óvist ef hurð lokast, að hægt sé að komast út ef það gerist). Þeir sem ekki komast undir borð (t.d. vegna hamlaða hreyfigetu) eiga kost á að grúfa sig niður í stól eða dýnu og skýla höfðinu með höndnum. Ef starfsfólk er í fataklefa eða nálægt neyðarútgangi, fer það með börnin út úr húsnæðinu og safnar þeim saman á leiksvæði frá byggingunni. Best að safnast saman á bersvæði. Eins er hægt að fara í horn burðarveggja og skýla sér þar því burður hússins er líklega bestur þar.

Athuga sérstaklega:

Varist að vera á ganginum á Hofsósi því þar eru tveir þakgluggar sem geta brotnað og valdið slysi.

Varist að vera inn á miðju leikskóladeildar á Hólum því þar eru háir gluggar sem geta brotnað og valdið slysi.

Inntak á vatni og rafmagni

Festið kynditæki og ofna vel. Kynnið ykkur staðsetningu og lokun á vatnsinntaki og rafmagnstöflu.

Á Hólum:

- *Staðsetning vatnsinntaks:* Inn í í skáp, í anddyri starfsmanna.
- *Staðsetning rafmagnstöflu:* Inn í skáp, í eldhúsi, beint á móti kæli. Lykill við hliðina á rafmagnstöflunni.

Á Hofsósi:

- *Staðsetning vatnsinntaks:* Í tæknirými fyrir utan leikskólann.
- *Staðsetning rafmagnstöflu:* Í tæknirými fyrir utan leikskólann.

Forvarnir

Forvarnir snúa að því að minnka líkur á líkamlegu tjóni af völdum fallandi hluta og minnka líkur á tjóni á húsbúnaði við jarðskjálfta. Allir lausir húsmunir skulu vera veggfastir þ.e. hillur, skápar, þungir munir, speglar með öryggisgleri, myndir og klukkur á veggjum. Hafa hjól sem eru á húsgönum alltaf í læstri stöðu til að koma í veg fyrir að þau fari af stað og valdi slysi. Festa létta skrautmuni með kennartyggjói.

Þungur borðbúnaður og hlutir eru best geymdir í neðri skápum, helst lokuðum.

Fyrirbyggja að skápar, málverk, brothættir og þungir munir geti fallið á hvíldarrými barnanna.

Viðbragðsáætlun við jarðskjálfta:

INNANDYRA þegar þú finnur jarðskjálfta:

- Haltu kyrru fyrir.
- Farðu undir borð eða rúm, verðu höfuð og háls, haltu þér í sterkbyggð húsgögn.
- Krjúptu niður í horni við burðarvegg eða í hurðaropi við burðarvegg. Gætið fyllstu varúðar (t.d. hurðir geta skellst) og skoðið flóttaleið út eftir skjálftann.

- Verður höfuð þitt og andlit með kodda ef þú vaknar upp við jarðskjálfta.
- Haltu til frá gluggum (líka á ganginum eða inn á deild).
- Láttu leikskólastjóra vita af þér með SMS þegar jarðskjálftinn hættir.

UTANDYRA þegar þú finnur jarðskjálfta:

- Vertu áfram úti, reyndu að finna skjól til að krjúpa, skýla, halda.
- Grjóthrun, skriður og snjóflóð geta fallið úr hlíðum og fjalllendi.
- Forðastu ströndina því það getur komið flóðbylgja.
- Reyndu að komast á sem lengst frá leikskólabyggingunni og öðrum byggingum með börnin.

Eftir jarðskjálfta

Farið í skó og hlífðarföt ef glerbrot eða brak eru á gólfum.

Athugið hvort einhver hafi slasast og ef þörf er fyrir aðstoð að hafa samband við Neyðarlínuna í síma 1-1-2.

Náið í neyðarkassann ef þörf er á því.

Farið rólega út eftir jarðskjálfta því mörg slys verða á fólkisins þegar það hleypur út í óðagot. Gott að vera vel klæddur ef yfirgefa þarf húsið (sérstaklega að vetri til). Safnið börnunum saman á söfnunarstað – sama rútína og við rýmingaráætlun vegna eldsvoða.

Fylgstu með ráðleggingum almannavarna í fjölmíðum því þeir eru fljótir að taka við sér.

Ef ekki næst í hjálp símleiðis, er hægt að hengja hvítan fána út til að láta vita af því aðstoð þarfnað. Síminn er öryggistæki og þegar neyðarástand hefur skapast getur álag á símkerfið leitt til þess að þeir sem þurfa á hjálp að halda nái ekki sambandi. Sendu frekar SMS í stað þess að hringja til að minnka álag á símkerfið.

Athugið hvort eldur er laus og notið ekki opið ljós eða eld ef hætta er á að eldfim efni hafi hellst niður.

Viðbrögð við jarðskjálftum 2024



Leikskólinn Tröllaborg

Lokið fyrir vatnsinntak ef leki er óviðráðanlegur og slökkvið á aðalrofa í rafmagnstöflu ef byggingin er skemmd.

Viðbragðsáætlun við jarðskjálftum er unnin úr viðbragðsáætlun Almannavarna, sjá [hér](#).